

Nd.

1191. Breytingartillögur

við frv. til l. um veltuskatt.

Frá Barða Guðmundssyni og Sigfúsi Sigurhjartarsyni.

1. Við 1. gr. Í stað „1945“ komi: 1944.
2. Við 4. og 5. gr. Greinarnar falli niður. Í þeirra stað komi ný grein, 4. gr., svólátandi (og breytist greinatalan samkv. þessari og öðrum brtt.):

Þeir, aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu senda skattstjórum eða skattanefndum skýrslu um veltu sína á árinu 1944 fyrir þann tíma, er ráðherra ákveður.

Gefi gjaldandi ekki skýrslu um veltu sína á tilskildum tíma, eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla veltu gjaldandans og ákveða skattinn eftir því. Komi í ljós, að veltuskatturinn hafi verið ákveðinn á röngum forsendum, er skattstjórum og skattanefndum heimilt að breyta fyrri ákvörðun sinni. Telji gjaldþegn gjald það, sem honum er gert að greiða, ranglega ákveðið, hefur hann rétt til að áfrýja þeirri ákvörðun til yfirskattanefndar og rikisskattanefndar.

3. Við 7. gr. Greinin falli niður.
4. Við 8. gr. (sem verður 6. gr.). Greinin orðist svo:

Samvinnufélögum og samvinnusamböndum er ekki skylt að leggja í vara-sjóð gjald af viðskiptaveltu sinni á árinu 1944, sbr. lög um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937.

Reynist ágóði hinna síðarnefndu á árinu 1944 eigi minni en hann var 1943, skulu þau úthluta sambandsfélögum sínum hlutfallslega jafnmiklu og þá. Reynist ágóðinn hins vegar minni, er þeim heimilt að lækka úthlutunina sem því svarar. Eigi má draga greiddan veltuskatt frá tekjum við ákvörðun ágóða samkvæmt ofansögðu.